

Mál nr. 167/2012**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags sem veghaldara (K)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið sem ekið var í holu (skemmd á vegi)
þann 12.04. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.04. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.04. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M gaf skýrslu á lögreglustöð þann 13.04. sl. vegna tjóns á bifreið hans. Hann kvaðst hafa verið að aka vestur Grænatún í Kópavogi. Er hann var kominn í gegnum þrengingu á veginum hafi hann fundið mikið högg koma á bifreiðina. Hann hafði ekið ofan í holu í malbikinu með þeim afleiðingum að hjólbarðar sprungu og rifnuðu og ákoma kom á felgur. Hann kvaðst ekki hafa getað greint skemmdina á veginum áður en bifreið hans lenti með hjólin í holu. Dimmviðri hafi verið og engar varúðarmerkingar. Hann telur að veghaldari eigi að bera ábyrgð vegna þessa sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, tjónið á bifreiðinni verði ekki rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Engin vitneskja hafi verið hjá starfsmönnum K um skemmdina á þeim tímapunkti sem um ræðir sbr. umfjöllun félagsins í bréfi til nefndarinnar. Skemmdir séu lagaðar “um leið og vitneskja um þær liggi fyrir.” K hafi ekki vitað um skemmdirnar og því ekki getað brugðist við fyrr en vitneskja barst um þær. Félagið vísar til þess að M byggir rökstuðning sinn á því að hann “telji að starfsmenn og verkstjóri bærjarins hafi vitað að skemmdum í malbiki”. Félagið vísar þessum ályktunum M á bug sem röngum og ósönnuðum enda hafi hann ekki fært “nokkra sönnun fyrir þeim nema með getgátum”.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að K (vátryggingartaki) eða starfsmenn hans hafi sýnt vanrækslu er leitt getur til bótaábyrgðar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. maí 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.